

Alþingi
Erindi nr. P 130/1479

Íslensk NýOrka komudagur 23. 3. 2004

Borgartúni 37, P.O. Box 8192, 128 Reykjavík, Iceland
Phone: +354-588-0310 Fax: +354-588-0315 Email: skulason@newenergy.is

Reykjavík, 22. mars 2004


Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vetnisráð, 452. mál.

Undirritaður telur að mikilvægt skref hafi verið tekið með ráðningu starfsmanns hjá Orkustofnun, og því fjármagni sem veitt var til verkefnisins, sem vinnur að skoðun vistvæns eldsneytis í samgöngum á Íslandi. Mikilvægt er að veita sem mestum stuðning við þetta ráðgefandi starf og ég tel mikilvægast að efla þennan þátt, þ.e. að stofna ætti stuðningsráð við þessa starfsemi.

Markmiðið ætti að vera að skoða alla möguleika á framleiðslu innlends vistvæns eldsneytis (metan, vetni, metanól, raforku, lífdísel, etc.) og skipa ætt þverfaglegt ráð sem getur orðið starfsmanni Orkustofnunar ráðgefandi (eða að starfsmaðurinn verði starfsmaður þessa nýja ráðs). Ef að þessi hugmynd um ofangreinda breytingu er tekin til greina er einnig mikilvægt að breyta samsetningu ráðsins, þ.e. að taka inn fulltrúa frá Metan (Sorpu), o.s.frv. Einnig er spurning um hvort ráðuneyti eigi að taka þátt í svona starfi, þar sem mörg þeirra tengjast nú þegar ofangreindum starfsmanni Orkustofnunar.

Það er hins vegar ljóst sem bent er á í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni að vetni er orðið fyrirferðamikið í umræðunni og sú vinna sem fram hefur farið á þessu sviði á Íslandi vakið alþjóðlega athygli. Ísland er nú leiðandi í alþjóðasamstarfi vegna málsins á nokkrum sviðum og það ber að efla og styðja. Ísland hefur mikla möguleika á að halda afgerandi forystu á meðal þjóða heims í notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum, þar með talið vetnis (sem orkubera) og ef vel tekst til með notkun þeirra í samgöngum bæði á landi og sjó getur slíkt haft veruleg jákvæð efnahagsleg gildi. Vetni verður því eflaust fyrirferðamikið í slíku ráði.


Jón Björn Skúlason
Frankvæmdastjóri